

Kópavogur 30. Mars 2021

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings við smærri innlenda áfengisframleiðendur (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað). Lagt fram á 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 826 — 495. mál.<sup>[1]</sup>



**Æskan er alfarið á móti þessu frumvarpi** þar sem það mun auka neyslu áfengis í samfélaginu. Það er svo ótal margt annað hægt að gera til að auka atvinnu úti á landsbyggðinni sem ekki bitnar á börnum, fjölskyldum þeirra og samfélaginu í heild.

Flutningsmenn fjalla hér um málið eins og það sé einhver rómantik við þessa tegund af vímuefnaframleiðslu sem ekki hafi áhrif á lýðheilsu. Hér vaða menn villur vegar sem sannast með fyrri breytingum á áfengislögum.

Áfengi er engin venjuleg neysluvara<sup>[2]</sup> og er ánægjulegt hve margir ráðamenn átta sig á því. Þess vegna er óskiljandi að sumir fari fram eins og það skipti engu máli. Hagsmuni áfengisíðnaðarins má aldrei taka fram yfir hagsmuni barna, fjölskyldna og samfélagsins með tilliti til lýðheilsu, ofbeldis, menntunar, náttúruverndar, Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna, löggæslu, Barnasáttmálans.

Æskan vitnar í þær umsagnir sem hafa verið sendar inn að undanförunu<sup>[3]</sup> vegna sífelldra árása á forvarnir á Íslandi. Forvarnir á Íslandi hafa verið til fyrirmyndar í áratugi og skapað kynslóðir sem hafna neyslu áfengis og annara vímuefna. Það er eitur í huga áfengisíðnaðarins að þeir tapi sölu í framtíðinni.

Æskan hvetur ráðamenn að skoða miklu betur mál er varða forvarnir gegn áfengi og öðrum vímuefnum. Lýðheilsumat er mælikvarði sem ætti hiklaust að taka upp hið snarasta.

Heildarstefna í forvörnum ætti að taka gildi sem skýr viðmið að draga sem mest úr neyslu áfengis og annara vímuefna. Æskan lýsir sig fúsa til að leggja lið við vinnu við að undirbúa stefnuna þar sem Æskan er hluti af stærstu forvarnasamtökum heims Movendi.

Aðalsteinn Gunnarsson

Framkvæmdastjóri Æskan barnahreyfing

[1] <https://www.althingi.is/alttext/151/s/0826.html>

[2] [https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi\\_engin\\_venjuleg.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi_engin_venjuleg.pdf)

[3] <https://www.althingi.is/alttext/erindi/151/151-2284.pdf>